



Borgarstjórn Reykjavíkur
3. mars 2026

Tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokksins um fjölgun sumarnámskeiða fyrir börn á grunnskólaaldri

Borgarstjórn samþykkir að auka framboð af sumarnámskeiðum og smiðjum fyrir börn á grunnskólaaldri í Reykjavík til að mæta þeirri eftirspurn sem er til staðar. Skóla- og frístundasviði í samstarfi við menningar- og íþróttasvið verði falið að útfæra tillögur þess efnis og skila þeim inn til borgarráðs fyrir lok mars 2026. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð, kostn.st. 09205.

Greinargerð

Á hverju vori bíða þúsundir foreldra í Reykjavík við tölvuna til þess að verða ekki of sein að skrá börn sín á sumarnámskeið á vegum borgarinnar. Mikil umframeftirspurn er eftir námskeiðum og smiðjum og ekki komast öll börn að. Sumarnámskeið og smiðjur borgarinnar eru mikilvæg þjónusta við börn og barnafjölskyldur enda mikilvægt að tryggja virkni og félagsstarf barna á meðan sumarleyfi grunnskólanna stendur yfir. Sumarnámskeiðin eru gleðileg upplifun fyrir börn, efla félagsfærni og vellíðan barna og gera foreldrum kleift að samræma vinnu og fjölskyldulíf.

Flestir foreldrar kannast við þá þrautagöngu sem fylgir því að finna börnum eitthvað að gera á meðan foreldrar eru í vinnu og þar gegna sumarnámskeið og smiðjur lykilhlutverki. Takmarkaður fjöldi pláss og flókið skráningarferli skapar ójafnræði og aukið álag á fjölskyldur. Mikilvægt er því að tryggja að nægilegt framboð sé af námskeiðum og smiðjum yfir sumartímann.

